

Svavar Sigmundsson

Málfræðistörf Stefáns Einarssonar og örnefnasöfnun hans á Austurlandi

Erindi flutt á Breiðdalssetri á Stefánsdegi 11. júní 2011

Stefán Einarsson byrjaði snemma að fást við hljóðfræði. Á námsárum sínum í Háskóla Íslands var hann ráðinn sem aðstoðarmaður Jóns Ófeigssonar við hljóðritun uppflöttiorða í orðabók Sigfúsar Blöndals og var það í fjögur ár, frá 1919-1923. Jón setti saman kver um almenna hljóðfræði fyrir þennan unga samstarfsmann sinn 1919 og þannig vaknaði áhugi Stefáns á hljóðfræði fyrir alvöru. Á undan Jóni og Stefáni er aðeins hægt að tala um Björn M. Ólsen, fyrsta rektor Háskólans, sem kunnáttumann um hljóðritun íslenskunnar. Vorið 1919 kom amerískur fræðimaður, Kemp Malone, til Íslands. Hann lagði stund á íslenska hljóðfræði og Sigurður Nordal prófessor benti honum á að tala við Stefán, sem varð heimildarmaður hans um íslenskan framburð. Kemp Malone dvaldist hér til 1920 og þremur árum síðar gaf hann út bók um hljóðkerfisfræði nútímaíslensku sem gefin var út í Bandaríkjunum. Bókin hlaut ekki góðar viðtökur en Stefán kunnir hana utan að og dáðist alltaf að henni, skv. því sem ævisöguritari hans Anatoly Liberman segir í útgáfu sinni á úrvali úr greinum Stefáns 1986 (Stefán Einarsson. Austfirðingur í húð og hár. *Studies in Germanic Philology*, XVII). Stefán útskrifaðist með meistarapróf úr norrænueld Háskóla Íslands 1923-24 og hét meistaraprófsritgerð hans „Hljóðfræði íslenskrar tungu á vorum dögum“. Haustið 1924 fékk Stefán bréf frá Rolf Nordenstreng í Uppsölum sem benti honum á að fara til framhaldsnáms í Helsingfors í Finnlandi, þar sem prófessorinn Hugo Pipping var aðaláhrifamaður í almennri og norrænni hljóðfræði og norrænum miðaldafræðum. Þetta gerði Stefán. Hann tók að leggja stund á tilraunahljóðfræði hjá Franz Äimä og sótti reyndar fyrirlestra hjá Hugo Pipping um Völuspá. Stefán kynntist ýmsum góðum mönnum í Finnlandi, ekki síst Arnold Nordling, sem varð prófessor í Helsingfors, Björn Collinder, Svía sem varð prófessor í málvísindum í Uppsölum og Stefán varð fyrir áhrifum af þjóðfræðarannsóknum Finna, ekki síst Otto Andersson, sem var þekktur fyrir þjóðlagarannsóknir sínar. Stefán var við nám í Finnlandi 1924-1925, heimsótti Kaupmannahöfn og var í Cambridge 1925. Hann flutti ásamt fyrri konu sinni til Íslands haustið 1925 og bjuggu þau fyrst í

Viðey. Í júlí byrjaði hann að vinna úr efni sínu frá Finnlandi og semja doktorsritgerð sína, Beiträge zur Phonetik der isländischen Sprache (Drög að hljóðfræði íslenskrar tungu), samhliða nokkurri kennslu í Reykjavík, og hann lauk doktorsprófi sínu í Osló 1927. Segja má að ritgerðin standist enn að mörgu leyti tímans tönn, þó að hljóðritunartækni hafi fleygt fram og nýjar kenningar rutt sér til rúms um hljóðfræði.

Jón Ófeigsson segir í ritdómi um doktorsritgerð Stefáns í Skírni 1928 m.a.:

Fyrsti Íslendingur, sem stundað hefur hljóðfræðinám og kynnst hljóðfræðirannsóknnum eins og þær eru fullkornastar með öðrum þjóðum, er höfundur þeirrar bókar, sem hér verður gerð lítils háttar að umræðuefni, Stefán Einarsson. Hann „gerði jafnframt ýmsar mælingar á íslenskum hljóðum og orðum, með nýjustu tækjum. ... Hann heldur enn áfram hljóðfræðirannsóknnum og er nú tvímælalaust lærðastur allra Íslendinga í þessum fræðum (236).

Jón taldi flestar niðurstöðurnar óyggjandi það sem þær næðu, því að þær styddust við afarnákvæmar mælingar, sem varla yrðu rengdar. Hinsvegar væri þess að gæta að höfundurinn sem væri Austfirðingur, styddist fyrst og fremst við sinn eigin framburð. En hann bætir við að raunar sé hann fróður um framburð í öðrum sveitum lands og geti hans víða. Grein sinni lýkur Jón með því að segja að vonandi verði þess ekki langt að bíða að teknar verði upp rannsóknir og fræðsla um íslenska hljóðfræði við Háskólann, „og þá er dr. Stefán Einarsson sjálfkjörinn til þess starfs“ (238). Svo varð nú ekki það sinni og var ekki tekin upp kennsla í þessari grein við Háskóla Íslands fyrr en með Birni Guðfinnssyni 1941.

Kemp Malone bauð Stefáni að koma vestur um haf 1928 til Johns Hopkins háskólans í Baltimore í Maryland þar sem hann varð prófessor í enskudeild þar sem hann kenndi aðallega forn- og miðensku, forníslensku og gotnesku. Hann birti greinina „On some points of Icelandic dialectal pronunciation“ (Um nokkur atriði í íslenskum mállýskuframburði) í Kaupmannahöfn 1928-1929 (Acta Philologica Scandinavica 3, 264-79) þar sem hann m.a. benti á að í Suðursveit þekktist framburðurinn /ka:ð/ fyrir hvað sem er ákaflega sjaldgæfur framburður. Í sömu grein fjallar Stefán um flámælið og segir að á Austfjörðum hafi þessi mállýska verið kölluð sunnlenska og talin hafa borist þangað með Sunnlendingum. Hann fór

sjálfur vorið 1923 úr Reykjavík suður um land til Austfjarða, og tók þá eftir því að Árnassýsla, Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla höfðu að mestu verið lausar við flámæli en hefur orð sr. Björns O. Björnssonar á Ásum í Skaftártungu fyrir því að þessi framburður hafi verið þekktur í Meðallandi og e.t.v. Álftaveri. Síðan verði hans ekki vart fyrr en í Suðursveit, þar sem mikið beri á honum, minna í Hornafirði, en meira í Lóninu, og eftir að austur á firði er komið þekktist hann um allt, og alla leið norður í Bakkafjörð (275-277). Stefán gaf út ritið „A Specimen of southern Icelandic speech: A Contribution to Icelandic Phonetics“ (Sýnishorn af sunnlenskum framburði: Tillag til íslenskrar hljóðfræði), í Osló 1930. Það var framburðarefni sem Ársæll Sigurðsson málfræðingur sem var Landeyingur hafði tekið upp við rannsóknir á sínu eigin máli á tilraunamálfræðistofu í París, en hafði ekki aðstöðu til að vinna úr sjálfur.

Prófessor í norrænni fílólogíu í enskudeild háskólans var Stefán frá 1945-1962, er hann hætti störfum vegna aldurs. Áhugasvið hans breyttist nokkuð frá því sem verið hafði í upphafi, í átt til bókmennta, fornra og nýrra, þjóðfræða og skyldra greina. Á árunum 1939 til 1942 var Stefán ráðinn aðalritstjóri orðabókar um íslenskt formál sem efnt var til í Kaupmannahöfn, og fékkst hann bæði við orðtöku og samningu ritstjórnarreglna vestanhafs, en stríðið gerði það að verkum að hann gat ekki flutt til Danmerkur og varð því að hætta við þau áform (Ordbog over det norrøne prosasprog. Registre. Kbh. 1989, 12).

Þegar Ameríkanar tóku við hvernd á Íslandi af Bretum var Stefán fenginn til að kenna bandarískum hermönnum undirstöðuatriði í íslensku og átti að vera 12 vikna námskeið frá 22. júní 1942. Stefán samdi þá í miklum flýti kennslubókina Icelandic. Grammar. Texts. Glossary (Íslenska: Málfræði. Textar. Orðasafn), sem fyrst kom út 1945 og hefur síðan verið prentuð margoft. Hún var tileinkuð Kemp Malone, 500 bls. að stærð, áreiðanlega miklu stærri en við var búist, ótrúlega mikið verk og gagnlegt og dugði við kennslu í íslensku fyrir útlendinga áratugum saman. Þessi bók er meðal þeirra rita sem oftast er vitnað til í skrifum erlendra fræðimanna um íslensku, skrifar Kristján Árnason í nýlegu yfirlitsriti (Hljóð. Íslensk tunga I. Rvk. 2005, 114). Í framhaldi af því samdi Stefán Linguaphone Icelandic Course í London 1955, sem er þrjú bindi, þar sem íslenskir leiklistarnemar í London, m.a. Helgi Skúlason og Helga Bachmann, lásu textana á segulböndunum.

Stefán kom heim á Alþingishátíðina 1930 og ferðaðist þá um Austurland til að rannsaka framburð manna á þeim slóðum. Hann gerði grein fyrir þessu í grein í Skírni 1932, „Um mál á Fljótsdalshéraði og Austfjörðum 1930“. Hann reyndi þar að gera sér grein fyrir hvar mörk sunnlensku og norðlensku lægju á Austurlandi. Hann segir m.a. „Breiðdalur (og e.t.v. Berufjörður að nokkru leyti) fylgir nú Héraði í því að hafa norðlenska framburðinn p, t, k, en Álftafirði í því að hafa sunnlenska framburðinn, óraddað ð, l, m, n“ (44). Hann færði líkur að því að fjögur mállýsku-atriði hefðu Breiðdalsheiði, Reindalsheiði og Stöðvarskarð – Víkurheiði að norðurtakmörkum. Og hann spyr hvernig standi á þessu, hversvegna fylgdi ekki Breiðdalur heldur Héraði og norðurfjörðum en suðurfjörðum. Svarið var ekki langsótt: Einmitt hér voru takmörk kaupsviðanna sem á einokunartímanum fylgdu Reyðarfirði og Djúpavogi (47). Þarna norðvestan við Breiðdal og Stöðvarfjörð hafa e.t.v. frá 1670 verið takmörk milli miðhluta og suðurhluta Múlasýslu og þar voru eftir 1684 mörkin milli verslunarhéraðanna, sem lágu sem sagt til Reyðarfjarðar og Djúpavogs (sbr. Skírni 1953, 184).

Stefán birti tvær aðrar greinar um málfræði á árinu 1932. „Icelandic dialect studies“ (Íslenskar mállýskurannsóknir) í Háskólanum í Illinois og „Some Icelandic words with hv-kv“ (Nokkur íslensk orð með hv-kv) í Kaupmannahöfn. Árið eftir, 1933, skrifaði hann tvær greinar á íslensku, í Skírni, „Fagurt mál – nokkrar hugleiðingar“, og „Hljóðvillur og kennarar“. Þá skrifaði hann einnig um vesturíslensku og birti sýnishorn af henni 1937, og 1940 skrifar hann enn grein um hljóðfræðilegt efni, „Nasal+Spirant or Liquid in Icelandic“ (Nefhljóð+önghljóð eða hliðarhljóð í íslensku). Á árinu 1949 birtist í *Studia Islandica* ritgerð Stefáns „Um kerfisbundnar hljóðbreytingar í íslensku, sem var nokkur nýjung á þeim tíma.

Í áðurnefndu yfirlitsriti um íslenska hljóðfræði segir (114) að hljóðfræðirannsóknir hans 1927 og 1931 séu brautryðjendaverk og stórmerkilegar á sínum tíma. Merkar séu einnig athuganir hans á mállýskubundnum framburði á fyrri hluta 20. aldar, sem hafi verið fyrirrennari rannsókna Björns Guðfinnssonar á fimmta áratugnum og rannsókna Höskuldar Þráinssonar og Kristjáns Árnasonar á níunda áratugnum.

Sýnilegt er að Stefán hefur farið að huga að örnefnum. Hann skrifar í formála að Breiðdælu 1948 á þessa leið:

Á skólaárum mínum skrifaði eg vandlega niður öll örnefni á Höskuldsstöðum og nokkrum öðrum bæjum, sem eg komst þá yfir. Það safn reyndi eg að fylla 1930, síðasta sumarið sem eg kom í Breiðdal, og kom eg þá víða við á bæjum í dalnum í því skyni. (bls. vii).

Þetta er þegar Stefán fór hér um og athugaði framburðinn. (Heimildir um örnefnasöfnun Stefáns, einkum bréf, er að finna í Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.) Í bréfi sem Óli Guðbrandsson skrifar honum 31. maí 1930 kemur fram að Óli hefur verið að athuga framburð þar í sveit, m.a. á skólabörnum sem hann hefur verið að kenna. En hann segist ennfremur hafa verið að skrifa upp örnefni á bæjunum Eyjum og Ósi og sendir honum örnefnin á Eyjum. Og í desember 1931 sendi Gísli Sigurðsson í Krossgerði honum örnefnin á Streiti. Gísli veigrar sér við að skrifa upp öll mið en segist gera það ef Stefán vilji endilega fá þau:

En mikið mál yrði það fram með öllum ströndum við Berufjörð. Þar er margt að nefna ef nákvæmt á að vera. En það eru þessi heilabrot og grúfl ykkar vísindamanna, sem grúska vilja í öllu. Og það er að sjá, að þið blessaðir hafi[ð] ekki alltaf mikið að gera, ekki alveg eins og við sem berjumst sí og æ upp á líf og dauða fyrir framleiðsluni...

Fleiri sendu Stefáni örnefnaskrár 1931, Einar Vigfússon í Eydölum og Páll Guðmundsson í Gilsárstekk. Þorsteinn Stefánsson á Þverhamri sendir honum örnefni af nokkrum jörðum 1932, þannig að nokkur stofn í örnefnalýsingar verður til á þessum árum. Hann spyr í bréfi til Friðbjörns Þorsteinssonar í Vík í Fáskrúðsfirði, gamlan granna sinn frá Flögu, hvort hann eigi ekki margt af greindum strákum og stelpum sem skrifað gætu upp örnefni. En afraksturinn var þó ekki sérlega mikill á þeim tíma, þó að söfnunin hafi ekki lagst niður. Ríkarður Jónsson tréskurðarmeistari skrifar Stefáni í nóvember 1950 m.a. um örnefni í Álftafirði.

Annað verkefni tengist örnefnasöfnun Stefáns eystra, en það er landlýsing á öllu svæðinu. Hann skrifaði Landnáms- og byggðarsögu Breiðdals í Breiðdælu 1948, á einum 58 bls., þar sem hann fjallar m.a. um örnefni, sem tengjast landnáminu og sögu byggðarinnar.

Á árinu 1954 er farið að huga að Árbók Ferðafélags Íslands um Austurland, og er Stefáni falið að skrifa hana. Jón Eyþórsson skrifar Stefáni í janúar 1954 um að árbókin eigi að vera um svæðið frá Lónsheiði að Héraðsflóa, tvær bækur. Stefán hefur ráðgert að ferðast um svæðið, líklega á því ári. Jón ræðir framkvæmdina í bréfinu:

3. Samgöngur á Austfjörðum hafa breytt talsvert, síðan þú varst þar síðast. Býst ég ekki við, að þér verði nein vandræði úr að komast fjarða á milli, þótt ekki hafir þú hest eða jeppa sérstaklega til umráða. En víst er gott hjá sjálfum sér að taka.

4. Þess vegna getum við athugað þann möguleika, að þú tækir með þér sæmilegan jeppa frá USA, notaðir hann í ferðalagið, en Ferðafélagið keypti hann af þér að því loknu. Það segir sig sjálft, að við mundum borga flutningsgjald undir hann og alla skatta og tolla, sem Eysteinn Austfirðingur kynni að krefjast – og þeir eru margir.

Jón gefur Stefáni fleiri góð ráð:

6. Þú þarft ekki mikinn útbúnað í þetta ferðalag. Góð og lipur, hnéhá gúmstígvél eru heppilegust. Ég geng í þeim á hæstu fjöll – og einkum jökla að sumarlagi. Venjulegur samfestingur (overalls) er ágætur í smágönguferðir, lipur og ódýr. Skjólflík getur þú fengið hér ágæta, stuttreyju með gæruskinnsfóðri, auðvitað eftir amerískri fyrirmynd (parka). Þær munu kosta hér um 600 kr. Svo dugir ein hæfilega síð olúkápa.

Stefán hefur sent mönnum sem tóku að sér að safna, sýnishorn af örnefnasöfnun. Halldór Stefánsson hefur fengið slíkt sýnishorn. Hann hafði athugað hvað til væri af örnefnasöfnum að austan á Þjóðminjasafninu undir lok ársins 1956:

Virtist fullsafnað um Breiðdal, Berufj. og [úr] Álftafirði ... nokkrum bæjum í Skriðdal og Skógum ... búið punktum. Hefur skilist að Sig. á Hánefsst. hafi safnað fyrir þig um Seyðisfj. og Loðmfj. og séra Ingvar um Borgarfj.- Á ferð þinni í fyrra munt þú hafa ráðstafað söfnun um Firðina norður til Gerpis.

Í byrjun árs 1957 var sent bréf til formanna ýmissa ungmennafélaga á Austurlandi, þar sem sagt er að svo sé talið, að fullsafnað sé örnefnum um land allt nema austanlands. Þyki það mikill fræðistofn þegar heildarsöfnun hafi verið gjörð. Og

segir svo að dr. Stefán Einarsson hyggist nú gangast fyrir söfnun um Austurland. Halldór Stefánsson annaðist útsendingu þessara bréfa og segir reyndar í bréfi til Stefáns að hann sjái ekki hver verulegur árangur sé að svona söfnun annar en sem stofn í Örnefnaorðabók og e.t.v. einhver málfræðilegur eða málfarslegur (Bréf 2/1 1957). Halldór segist sjálfur hafa gert skrá um örnefni í Múlasýslum fornsöguleg og eftir munnmælum, um 300 talsins. Hann hefur því e.t.v. talið þessa nákvæmu söfnun Stefáns að sumu leyti óþarfa.

Stefán gerði sér þá áætlun að safna sumarið 1957 örnefnum í Álftafirði, Hamarsfirði, Hálsþinghá, Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði. Örnefnasöfnin ætlaði Stefán Þjóðminjasafni Íslands, enda fóru þau þangað og þau er nú að finna í Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Úr fórum Stefáns þar er listi yfir 26 manns sem hann hefur haft samband við vegna söfnunarinnar. Ýmsar viðamiklar örnefnaskrár komu út úr þessari söfnun, m.a. skrifaði Sigurður Vilhjálmsson á Hánefsstöðum heila örnefnabók um Seyðisfjörð (í Bókasafni Austurlands) 1956. Hann skrifaði einnig kafla í Árbókina fyrir Stefán.

Örnefnalýsingar sem Stefán skrifaði sjálfur úr Múlasýslu, einn eða að hluta, eru úr eftirfarandi hreppum:

N-Múl.: Fellahr. og Hjaltastaðahr.

S-Múl.: Skriðdalshr., Vallahr., Egilsstaðahr., Eiðahr., **Helgustaðahr.**, **Reyðarfjarðarhr.**, **Fáskrúðsfj.hr.**, **Stöðvarhr.**, Búlandshr., Geithellnahr. (Feitletruð eru nöfn hreppa þar sem Stefán safnaði einn.)

Stefán skrifaði Árbókina 1955, Austfirðir sunnan Gerpis, eftir að hafa farið um Austfirði sumarið 1954, safnað þá drögum og ritað að mestu. Á ferð sinni reyndi Stefán að koma við á sem flestum bæjum og fara með kunnugum heimamönnum yfir örnefnin á korti herföngjaráðsins danska. Við það hafa komið í ljós allmargar villur á kortinu, einkum í Hamarsfirði. „En raunar ber því ekki að leyna“, segir Stefán, „að jafnvel kunnugum mönnum ber ekki ávallt saman um örnefni. Þetta mun skýrast enn betur, þegar safnað verður öllum örnefnum á Austfjörðum, en það er nauðsynjamál, sem ekki ætti að draga lengi, þar sem svo mikið af byggðinni er að leggjast í eyði“, segir Stefán í formála bókarinnar (8).

Í seinni Árbókinni 1957, Austfirðir norðan Gerpis, komu fleiri höfundar að, en Stefán naut örnefnasafna úr Seyðisfirði og Norðfirði. Hann þekkti síður til þessa svæðis og naut því aðstoðar fleiri kunnugra heimamanna, notaði sumar lýsingar þeirra en lagfærði aðrar (Formáli, 7-8).

Stefán hlaut amerískan styrk til örnefnasöfnunar sinnar á Austfjörðum sumarið 1957, frá The Philosophical Society at Philadelphia. Styrkurinn var veittur til að safna öllum örnefnum frá Álftafirði til Borgarfjarðar. Stefán skrifaði stutta greinargerð á ensku um söfnun sína, í árbók þessa félags fyrir 1957 (Yearbook of the American Philosophical Society, 411-12). Hann segir þar að söfnunin hafi verið árangursrík, hann hafi ekki aðeins safnað í þeim 12 fjörðum sem ráðgert hafði verið, heldur hafi með hjálp annarra verið safnað í þremur fjörðum til viðbótar, alls 47 jörðum. Auk þess hafi orðið tími til að safna í fjórum sóknum á Fljótsdalshéraði, Skriðdal, Skógum, Völlum og Eiðabinghá. Á þessu tveggja mánaða ferðalagi hafi hann endurbætt eldri söfn (frá 1920-1935) á 48 bæjum og nýskráð á 102 bæjum, sem hafi þýtt að hann hafi lokið 2,55 jörðum á dag. Í tveimur tilvikum hafi tekið heilan dag að skrá örnefni á jörð, í Múla yfir 300 örnefni og á Geithellum með einni hjáleigu yfir 400 nöfn. Tvisvar varð Stefán að bíða eftir heimildarmanni í tvo daga af því að hann var upptekinn í vinnu. Hann segist hafa safnað á bilinu 15.000 til 22.500 örnefnum, þar af hafi mörg verið frá miðöldum. Stefán segir í skýrslunni að hann hafi aðallega ferðast í jeppa eða með bílum milli bæja, tvisvar tekið bát og fjórum sinnum farið ríðandi (og hafi upphafsreiðin í 6 tíma orðið honum nokkuð strembin). Í lokaorðum sínum í skýrslunni segir Stefán að þetta safn sitt sé fyrsta stóra örnefnasafnið af Austurlandi. Þar sé heilmikið af áhugaverðu efni, málfræðilegu, þjóðfræðilegu, menningarlegu, sögulegu og jafnvel fornleifafræðilegu. Flest örnefnin séu gegnsæ, en það séu ráðgátur, jafnvel þar sem þau virðist vera auðskilin. Hann telur að að sumu leyti séu þau mállýskubundin. Það sem sér hafi komið mest á óvart hafi verið að smærri lækir og ár, einkum á flatlendi, hafi mörg mismunandi nöfn á leið þeirra frá uppkomu til ósa. Lengri grein hans um örnefnasöfnun á Íslandi birtist á ensku vestanhafs eftir ráðstefnu SASS 1962 (Proceedings at the fifty-second annual meeting of the Society for the Advancement of Scandinavian Study).

John G. Allee, jr. segir í inngangi afmælisrits til Stefáns, Nordica et anglica 1968, um hann: „Without rancor or chauvinism, Stefán Einarsson has devoted his life to placing Iceland and things Icelandic in perspective. No detail of older ways, no

place name – common or obscure – no custom has been too small to receive notice nor too important to go unchallenged.“ (8) (Stefán Einarsson hefur án fjandskapar eða þjóðrembu helgað líf sitt því að setja Ísland og það sem íslenskt er í heildarsamhengi. Ekkert smáatriði í eldri háttum, ekkert örnefni – algengt eða torskilið - engin siðvenja hefur verið of smávægileg til að fá ekki athygli eða of mikilvæg til að fá að vera óvæfngd).

Stefán skrifaði grein um orðið *ent* (flt *entas*) í fornensku sem merkir ‚risi‘ og bar saman við íslenska örnefnið Entu (Entugjá) í Mýrdalsjökli. Enta væri þá tröllkonunafn eins og Katla (Modern Language Notes 1952, 554-55). Hann skrifaði síðan um örnefni tengd Beowulf eða Bjólfskviðu eystra: „Bjólfur and Grendill in Iceland“ í sama tímariti 1956 og „Beowulfian Place Names in East Iceland“ enn í sama tímariti 1961. Bjólfur er nafn úr Landnámabók en ekki eru eldri heimildir til um Grendil en kort Herforingjaráðsins danska frá 1944, þar sem Steinþór Sigurðsson jarðfræðingur hafði mælt svæðið. Stefán getur sér þess til að hann hafi séð nafnið skrifað þannig í einhverri heimild af Austfirðingi og hafi flámælið gert nafnið Grindill að Grendill. (Bæjarnafnið Grindill er í Fljótum í Skagafirði). Ekkert bendir til að Steinþór hafi gefið nafnið eftir að hafa lesið Bjólfskviðu þar sem ófreskjan Grendel kemur fyrir. Síðar kom í ljós að Vernharður Þorsteinsson kennari á Akureyri hafði safnað örnefnunum á dönsku kortin og vitað var að hann hafði að vísu vitneskju um Grendel í Bjólfskviðu en ekkert varð uppvíst um hlut hans í málinu. Hann hafði haft sína heimildarmenn í Lóninu.

Þá skrifaði Stefán um Goðaborgir á Austurlandi í Lesbók Morgunblaðsins 1967. Tengdar þessu efni voru greinar hans um áttatáknanir, bæði í nútímaíslensku og formáli, sem birtust á ensku árin 1942 og 1944 í ritum vestanhafs, en á íslensku í Skírni 1952 og 1953.

Stefán hefur komist að ýmsu skemmtilegu á örnefnaferðum sínum. Hann segir t.d.: „Þegar ég var að safna örnefnum í Hornafirði, horfðu menn þar enn á haugelda, en sá sem ætlar að ganga í haug mun skjótt finna að ekki er sopið kálið þótt í ausu sé komið.“ (Goðaborgir, 1).

Í örnefnasafninu í Stofnun Árna Magnússonar er að finna tvær greinar eftir Stefán, sem hann hefur boðið Kristjáni Eldjárn til birtingar í Árbók Fornleifafélagsins, en voru hvorki birtar þar né annarsstaðar. Önnur nefnist „Einkennileg örnefni á

Austfjörðum“ og hin „Einkennileg örnefni í Austur-Skaftafellssýslu og Úthéraði“. Ýmsar forvitnilegar athuganir eru í þessum samantektum, en ritstjóri Árbókarinnar var ekki spenntur fyrir að birta þær, hefur líklega þótt þær vera of losaralega samdar til að vera birtingarhæfar og hefði þurft að betrumbæta þær talsvert áður. Þar er m.a. þannig vikið að nafngreindum mönnum að tæpast hefði átt heima í fræðilegri grein í virðulegri Árbók Fornleifafélagsins.

Á einum stað í skrifum hans um einkennileg örnefni í A-Skaft. segir m.a.: „Og er það sannarlega stórmerkilegt, hve lítið er af klámi í örnefnum, jafngaman og Íslendingar hafa af klámvísun.“ (4)

Stefán segir á öðrum stað, svo að dæmi sé tekið úr þessum skrifum hans:

Hvekkur heitir blettur í túni á Hamri (þ.e. í Hamarsfirði), en Tókugil eða Tókagil (...) í fjallinu austan við dalinn og fjörðinn. Bóndinn á Melrakknesi hélt að gilið gæti dregið nafn af því að menn segðu þar um slóðir að einhver væri tóki langur. (Þeir Hamarsfeðgar eru tókar langir; lengstu menn sem ég rakst á fyrir austan land.) Hugsað gæti maður að hey hefði skafið af Hvekk í norðanstormum út í ána fyrir þeim Hamarsmönnum, og hefði bletturinn þannig hvekk þá.“ (2)

Um Hultra o.fl.:

...er mér grunur á að Hultin, Hultirnar, Hultrarnir og Hulturnar kunni að vera í ætt við sögnina hylja og mætti kalla þessa staði hulin pláss. Myndi þau svo kölluð af því að þau væri í hvarfi heiman frá bæjunum. Væru þau þá hliðstæð mörgum Hvörfum fyrir austan, einkum þar sem menn hverfa fyrir hæstu hjallabrúnir í fjöllum. Mér virðast þessi þrjú pláss sem hér hefur verið lýst hafa það sameiginlegt. Enn væri hugsanlegt að þetta væri breyttar myndir af hvilft – vi- hafi orðið u-. (6)

Um Slött og Röndólf:

Fjallið Slöttur milli Skriðu- og Flögudals á sér vitanlega enga hliðstæðu. ... Sunnan á Sletti er klettur, sem getur minnt á hönd er réttir vísifingur upp í loftið, þessi fingur er nú af sumum Breiðdælingum kallaður Tröllafingur, en hið forna og enn nýja nafn hans er Röndólfur. Dregur hann eflaust nafn af tröllinu Röndólfi í Gönguhrólfssögu og hef eg bent á þetta í Breiðdælu. ...

Stefán spyr sig að því í Breiðdælugreininni hvort nokkur dæmi séu þess að menn gefi hraunum, klettum og dröngum mannsnöfn. Hann svarar því játandi og segir:

Ljósast er dæmið um Njál og Beru, tvo tinda austan Reindalsheiðar. Njáll er mjór. Bera gildvaxin niður, eins og hún væri í pilsadúðum. Auðséð er um þessa tinda, að þeir hafa fengið mannsnöfn af því, að á lengdar minntu þeir á menn. Er slík nafnagift svo algeng, að naumast ætti að þurfa að færa sönnur á. Víðsvegar, eflaust um land allt, er stráð körlum og kerlingum, og það eigi aðeins á landi, heldur og í sjónum við strendur landsins. ... En eins og það er ljóst, að Njáll og Bera hafa fengið nöfn sín af mannlögun sinni, þá er það ekki síður augskýlegt, að alþýðan hefur sótt þessi nöfn í bókmenntirnar, í beztu og vinsælustu sögubókina, sem menn þekktu. Hvenær þetta hafi gerzt, er ekki gott að gizka á, en a.m.k. eru þessi örnefni þá ekki eldri en Njála (ca 1300) (Breiðdæla, 30).

Eins og hér hefur verið rakið varð Stefán fyrstur manna hér á landi til að stunda hljóðfræði byggða á mælingum og frumkvöðull að nákvæmri hljóðritun íslensks máls. Þá hafa athuganir hans á mállyskum lagt grundvöll að þeirri fræðigrein héraendis. Flest af þessu hefur verið Íslendingum lítt kunnugt nema þeim þrönga hópi manna sem stundar þessi fræði á háskólavísu.

Sama er að segja um örnefnin sem hann safnaði. Hann dró saman mikið efni sjálfur hér austanlands og hvatti aðra til að safna. Ætla má að hann hefði getað unnið meira úr því efni heim kominn eftir áratuga langa útivist, en heilsa hans hefur komið í veg fyrir það hin síðustu ár.

En óhætt er að segja að Stefán hafi verið þessum greinum íslenskra fræða hinn þarfasti maður og framlag hans til þeirra seint fullmetið.